

FUNDARGERÐ

Mánudaginn 21. desember 2015 kl. 16:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til símafundar í húsakynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Tómothúsi, fundarherbergi ráðuneytisins á 4. hæð, Sölvhólsögötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðný Sverrisdóttir formaður, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Elínu Pálsdóttur og Guðna Geir Einarssyni.

Guðný Sverrisdóttir formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Tilfni fundarins var yfirferð tillagna að uppgjöri eftirtaldrá framlaga sjóðsins:

- Framlög til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts
- Tekjujöfnunarframlög
- Útgjaldajöfnunarframlög

Við yfirferð framlaganna eftir fund ráðgjafarnefndar þann 11. desember kom í ljós að fasteignaskattsstofn sveitarfélags hafði verið tvítalinn í útreikningi framlags til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts. Þessi tvítalning hafði hins vegar engin áhrif á tillögu að uppgjöri framlagsins sem samþykkt var á fundinum þann 11. desember og nam samtals 271,3 m.kr.

Hins vegar hafði þessi tvítalning áhrif á útreikning tekju- og útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins.

Lagðir voru fram á fundinum til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðaðir útreikningar af uppgjöri þeirra framlaga.

TEKJUJÖFNUNARFRAMLÖG

Hvað tekjujöfnunarframlögin varðar þá samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að sveitarfélög væru hækkuð upp í 95,81% af meðaltekjum í viðkomandi viðmiðunarflokki og að heildarúthlutun framlaganna næmi 1.250,0 m.kr. Að teknu tillit til innborgunar sem fram fór í október að fjárhæð 935,3 m.kr. nemur uppgjörsgreiðsla framlagsins 314,7 m.kr.

ÚTGJALDAJÖFNUNARFRAMLÖG

Hvað útgjaldajöfnunarframlögin varðar þá voru framlögin tekin til endurskoðunar á grundvelli endurskoðaðra meðaltekna á íbúa hvað skerðingu framlaganna varðar. Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin endurskoðaða tillögu að úthlutun framlaganna samtals að fjárhæð 7.250 m.kr.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 12:50.

Elín Pálsdóttir